

Miðvikudaginn 22. júní 1988.

Nr. 295/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Óla Guðmundi Jóhannssyni

(Jón Kr. Sólnes hrl.)

Fjárdráttur. Brot í opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal og Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari og Sigurður Lindal prófessor.

Héraðsdómi hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 21. ágúst 1987 að ósk ákærða, sem gerir kröfu um breytingu á refsí-
ákvörðun, og einnig af hálfu ákærvaldsins refsingu hans til þyng-
ingar.

Ákærði hefur jatað það atferli, sem honum er gefið að sök, afdráttarlaust og frá fyrsta degi uppljóstrunar. Eru atvik að broti hans og umfang þess talin fullkönnuð og niðurstaðan mjög í samræmi við það, sem fram kom í upphafi rannsóknar. Veitti hann rannsóknarmönnum greiða aðstoð við athugun málsins eftir því sem við gat átt. Af hálfu Póst- og símamálastofnunar hefur ekki verið gerð krafa um frekari endurgreiðslu en þá, sem ákærði hefur þegar innt af hendi, og verður við það að miða, að hann hafi staðið stofnuninni skil að mestu eða öllu leyti. Eftir að ákærði missti stöðu sína hjá stofnuninni hefur hann tekið upp störf á öðrum vettvangi.

Brot sitt framdi ákærði í opinberu starfi hjá Pósti og síma á Akureyri, þar sem hann var ráðinn til starfa 1. september 1969 og skipaður fulltrúi í umdæminu 1. janúar 1981. Hann var ekki æðsti yfirmaður fjármála póstmíðstöðvarinnar á Akureyri, en sem fulltrúi annaðist hann verkstjórn á bréfaþóststofu ásamt almennri afgreiðslu og sá um uppgjör sjö gjaldkera póststofunnar jafnframt því að annast innlög peninga póststofunnar á reikning í banka. Hann gegndi þannig í reynd hlutverki aðalgjaldkera á póststofunni, eins og talið er í ákæru, enda þótt hann væri ekki formlega skipaður í það starf.

Brot ákærða er réttilega fært til refsíákvæða í ákæru og hinum

áfrýjaða dómi. Með tilliti til fyrrgreindra atvika og þeirra sjónarmiða, sem tilfærð eru í hinum áfrýjaða dómi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Einnig ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 45.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, 45.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Óli Guðmundur Jóhannsson, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 45.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, 45.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 24. júlí 1987.

Ár 1987, föstudaginn 24. júlí var í sakadómi Akureyrar, sem háður var að Hafnarstræti 107 af Ólafi Ólafssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1254/1986, ákærvaldið gegn Óla Guðmundi Jóhannssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. júlí, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómi með ákæruskjali dagsettu 25. ágúst 1986: „Á hendur Óla Guðmundi Jóhannssyni, Reynilundi 5, Akureyri, fæddum þar í bæ 13. desember 1945, fyrir fjárdrátt í opinberu starfi. Ákærða er gefið að sök að hafa sem fulltrúi og aðalgjaldkeri á bréfa- og pósthöfuðstöfum Pósts og síma, Akureyri, dregið sér með beinum fjártökum úr sjóðum, sem voru í vörslum ákærða, fjármuni í þeim mæli að við sjóðtalningu 11. júní 1986, með síðari leiðréttingum reyndist sjóðþurrð nema samtals kr. 7.247.138,70 og þannig tilkomin:

a) Allt frá árinu 1982, framan af í litlum mæli en frá því í febrúar 1985 skipulega og í auknum mæli, haldið eftir um nokkurn tíma orlofsinnborgunum ýmissa launagreiðenda; frá Akureyrarbæ, Útgerðarfélagi Akureyringa hf., Fjórðungssjúkrahúsinu, Samherja hf. og Súlum hf., allra á Akureyri, og Sigurbirni sf., Grímsey, og sjálfur fénytt þær greiðslur, en greitt þær síðan að nokkrum tíma liðnum með öðrum nýrri sams konar

innborgunum. Við sjóðtalningu þann 11. júní 1986 nam óuppgeert innborgun að orlof kr. 1.735.577,00.

b) Allt frá mánaðamótum mars/apríl 1985 með sama hætti haldið eftir um nokkurn tíma innborgunum samkvæmt símapóstávísunum frá Pósti og síma, Grimsey, og sjálfur fénytt þær greiðslur, en greitt þær síðan að nokkrum tíma liðnum með öðrum nýrri sams konar innborgunum. Þann 11. júní 1986 námu slíkar óuppgerðar símapóstávísanir kr. 1.617.235,00.

c) Öðrum beinum fjártökum sínum úr sjóðum, sem áttu sér stað frá því í nóvember 1985 og fram til 11. júní 1986, er ákærði var leystur frá störfum, leyndi ákærði í daglegu sjóðsuppgjöri með villandi og rangri sjóðsstöðu, þ. á m. með tilbúnum sendingum peningagreiðslna á D-gíróseðlum frá Pósti og síma, Akureyri, til pósthúss eða pósthöfu, Akureyri, sem ákærði framvísaði öllum sem greiðslugögnum í banka sem hluta af bankainnleggi hverju sinni.

Atferli ákærða, sem að framan er lýst, telst varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 247. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt skýrslum ákærða og öðru sem fram er komið við rannsókn málsins verða málsatvik nú rakin.

Ákærði var ráðinn póstafréiðslumaður hjá Póst- og símamálastjórn frá 1. september 1969 að telja. Starfaði hann frá upphafi á bréfafréiðstofnunarinnar á Akureyri. Hinn 1. janúar 1981 var ákærði skipaður fulltrúi í Póst- og símaumdæmi III, Akureyri. Ákærði kvaðst í starfi sínu hafa annast almenna afgreiðslu auk verkstjórnar á bréfafréiðstofnunni. Þá kvaðst ákærði sem fulltrúi hafa annast kassauppgjör sjö gjaldkera pósthöfunnar, fjögurra gjaldkera á bréfastofu, tveggja á bögglafréiðstofu og eins í tollpósti. Þá kvaðst hann hafa annast innlögn peninga pósthöfunnar á reikning í útibúi Landsbankans á Akureyri.

Ákærða var veitt lausn frá störfum um stundarsakir frá og með 11. júní 1986. Ástæða brottvikningarinnar var að við sjóðstalningu þann dag kom í ljós að verulegur halli var á sjóði ákærða hjá stofnuninni. Frá aðdraganda sjóðstalningar er greint í skýrslu fjármáladeildar Póst- og símamálastofnunar, dagsettri 14. júní 1986, undirritaðri af Ólafi Karlssyni aðalendurskoðanda og Gylfa Jónssyni, skrifstofustjóra endurskoðunar Póst- og símamálastofnunar. Í skýrslu þeirra segir meðal annars:

„Kvartanir höfðu komið fram frá starfsfólki fyrirtækisins (Útgerðarfélag Akureyringa) um of lága vexti af útborguðu orlofsfé. Póstgíróstofan hafði haft samband við Útgerðarfélagið til að fá stimpluð frumrit er sýndu innborgunardaginn á Póst- og símstöðinni á Akureyri. Við samanburð á þessu tvennu virtist augljóst að dregið hafði verið að gera skil á innborgunum.

Benti allt til að Óli G. Jóhannsson ætti þar hlut að máli. Um morguninn þann 11.06. báðum við undirritaðir ásamt Ársæli Magnússyni, Gísla Eyland stöðvarstjóra og Guðlaugi Baldurssyni fulltrúa, en þeir eru yfirmenn Óla, að koma til okkar á skrifstofu umdæmisstjóra. Sögðum við þeim frá málinu og sýndum þeim þau gögn, sem fyrir lágu, en þeir gátu engar skýringar gefið. Síðan var Óli kallaður til okkar. Þegar Óla höfðu verið sýnd gögnin játaði hann að hafa haldið eftir innborguðu orlofsfé á síðasta orlofsári og ekki gert skil á því á réttum tíma. Hins vegar sagðist hann hafa gert full skil á innborgunum fyrir lok orlofsársins. Fram kom hjá Óla að vöntun væri á sjóði hans. Bað hann um að fá að hafa samband við Jón Kr. Sólnes lögfræðing og fá hann til að vera viðstaddan og kom hann litlu síðar. Eftir nokkrar umræður okkar og eftir að Óli hafði talað einslega við lögfræðing sinn sagðist Óli ætla að skýra okkur frá öllum staðreyndum málsins og draga ekkert undan. Hann sagðist einnig vilja vera með í talningu á sjóði sínum og kvaðst á allan hátt vilja aðstoða við að upplýsa málið. Ekki hafði komið ákveðið fram hversu mikinn halla Óli taldi vera á sjóðnum. Uppgjör á talningu á sjóði Óla gekk vel og gaf Óli skýringar á öllum atriðum talningarinnar þar sem skýringa þurfti við. Þeir sem fyrst og fremst unnu við talninguna vorum við Ólafur Karlsson og Gylfi Jónsson frá aðalendurskoðun og Guðlaugur Baldursson, sem sér um bókhald Póst- og símstöðvarinnar. Einnig voru viðstaddir Ársæll Magnússon umdæmisstjóri og Gísl Eyland stöðvarstjóri. Niðurstaða sjóðsuppgjorsins var halli, sem nam kr. 7.267.629,45. Við endurtalningu sjóðsins, er hann var leystur upp, og við afstemmingu við bókhald stöðvarinnar urðu nokkrar breytingar á upphæð hallans, þannig að hann er nú kr. 7.280.765,15.“

Meðfylgjandi framangreindri skýrslu fylgdi sjóðsýfirlit yfir Póst- og símstöðina á Akureyri, dags. þann 11.06. 1986. Var það undirritað af framangreindum aðilum auk ákærða Óla G. Jóhannssonar sem var viðstaddur sjóðtalningu eins og að framan greinir.

Með bréfi dags. 16. júní 1986 óskaði samgönguráðuneytið þess að embætti ríkissaksóknara hlutaðist til um opinbera rannsókn vegna ætlaðrar sjóðsvöntunar ákærða við Póst- og símstöðina á Akureyri.

Rannsókn málsins hófst hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri hinn 22. júní 1986 með því að tekin var skýrsla af vitninu Gísla Jóni Juul Eyland, stöðvarstjóra Pósts og síma á Akureyri.

Vitnið kvaðst hafa verið skipað stöðvarstjóri hinn 1. júlí 1980. Kvaðst vitnið heyra undir Ársæl Magnússon umdæmisstjóra. Vitnið kvaðst hafa haft yfirumsjón með starfi Pósts og síma á Akureyri auk bréfahirðingar á Hjalteyri, Hauganesi, Litla-Árskógssandi og Grimsey. Til aðstoðar kvaðst vitnið hafa Guðlaug Baldursson fulltrúa, er annist bókhald stöðvarinnar. Vitnið kvað undirmann Guðlaugs hafa verið ákærða Óla G. Jóhannsson,

fulltrúa og aðalgjaldkera stöðvarinnar. Vitnið kvað alla gjaldkera stöðvarinnar gera upp við ákærða, þ.e. gjaldkera á bréfafóststofu, bögglastofu og skeytamóttöku. Þannig kvað vitnið alla daglega innkomu hafa runnið til ákærða, en hann hafi síðan gert upp daginn, gengið frá innkomu í banka og lagt færsluseðla fyrir sjóðbók ásamt fylgiseðlum til Guðlaugs Baldurssonar. Vitnið kvað uppgjör ákærða ávallt hafa stemmt að undanskildum eðlilegum smáleidréttingum. Vitnið skýrði frá því að það hefði að morgni 11. júní 1986 verið boðað á fund umdæmisstjóra. Vitnið kvað þar hafa verið fyrir þá Ólaf Karlsson aðalendurskoðanda og Gylfa Jónsson, skrifstofustjóra í endurskoðun. Vitnið kvað þá hafa verið með myndrit af innborgunarseðlum orlofs frá Póstgíröstofunni og Útgerðarfélagi Akureyringa, er sýndu misræmi á milli dagsetninga á innborguðu orlofi frá Útgerðarfélaginu. Við athugun kvað vitnið það hafa komið í ljós að innborgunarseðlar sem ákærði hafði tekið á móti höfðu ekki verið lagðir inn í dagsuppgjör. Í þess stað hefðu seðlarnir verið utan sjóðs í allt að 2 mánuði. Þá kvað vitnið endurskoðendurna hafa haft meðferðis innborgunarseðla þar sem greinilegt hafi verið að útbúnir höfðu verið nýir seðlar. Kvaðst vitnið hafa þekkt rithönd ákærða á þessum seðlum.

Vitnið skýrði frá því að ákærði hefði í framhaldi af framangreindri athugun verið kallaður fyrir. Kvað vitnið ákærða þegar hafa viðurkennt er honum voru sýnd ofangreind gögn, að hafa haldið eftir innborguðu orlofsfé síðasta orlofsár og ekki gert skil á því á réttum tíma. Eftir viðræður við lögfræðing kvað vitnið ákærða hafa rætt einslega við endurskoðendurna og umdæmisstjóra. Eftir þær viðræður hafi uppgjörskassi ákærða verið sóttur og upp úr honum talið á skrifstofu umdæmisstjóra að ákærða viðstöddum og niðurstöður færðar á sjóðsýfirlit. Eftir það kvað vitnið ákærða hafa lagt fram 9 innborgunarseðla fyrir orlofsfé að fjárhæð kr. 1.735.577,00 auk 40 afrita af simapóstávisunum frá Grimsey, þar af 38 seðla sem ákærði viðurkenndi að hafa haldið eftir án bókonar, samtals að fjárhæð kr. 1.617.235,40. Að lokum kvað vitnið ákærða hafa lagt fram giróseðil að upphæð kr. 1.709.786,25 þar sem greiddandi var Póstur og sími og viðtakandi Póststofan.

Að teknu tilliti til óbokaðra þátta, er ákærði tilgreindi við sjóðstalninguna, kvað vitnið kr. 10.514.666,58 hafa átt að vera í sjóði hans, en reynst vera kr. 3.245.127,13.

Vitnið staðfesti undirskrift á framangreindu sjóðsýfirliti, en greindi frá því, að við endurtalningu hafi endanleg sjóðsvöntun ákærða numið kr. 7.280.765,15.

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri hinn 23. júní 1986. Viðurkenndi ákærði þegar við upphaf yfirheyrslunnar að hafa dregið sér fé í starfi sínu. Kvaðst hann hafa lagt spilin á bordið er hann var kallaður á fund umdæmisstjóra þann 11. júní s.á. Ákærði kvað þar

þá hafa verið fyrir þá Ólaf Karlsson, aðalendurskoðanda Pósts og síma, Gylfa Jónsson, skrifstofustjóra endurskoðunar, Gísla Eyland stöðvarstjóra og Guðlaug Baldursson fulltrúa. Ákærði sagði að þeir hefðu verið með myndrit af innborgunarseðlum orlofs er sýndu að hann hefði geymt innborgunarseðla og ekki fært þá til bókar. Eftir að hafa rætt við lögfræðing sinn kvaðst hann hafa boðið aðstoð sína við að upplýsa málið á allan hátt. Staðfesti ákærði undirritun sína á sjóðsyfirliti dags. 11.06. 1986 svo og niðurstöðutölur sjóðsvöntunar. Þá kvaðst hann við sama tækifæri hafa óskað þess að vera leystur frá störfum og því afhent alla þá lykla er hann hafði við stofnunina.

Ákærði lýsti því yfir að fjárdráttur hans við Póst- og símstöðina á Akureyri hefði verið þriðjættur: Í fyrsta lagi hafi verið um að ræða símapóst-ávisanir frá Grímsey sem hann hafi dregið að bóka. Í öðru lagi kvaðst ákærði hafa haldið eftir innborgunarseðlum orlofs. Í þriðja lagi kvaðst ákærði hafa notað svokallaða D-giróseðla.

Verða nú raktir framburðir ákærða um hvern ofangreindra þátta og getið þeirra gagna er aflað var við rannsókn málsins.

Símapóstávisanir frá Pósti og síma, Grímsey.

Við yfirheyrslur hinn 23. júní 1986 lýsti ákærði fjártökum sínum á símapóstávisunum frá Grímsey. Í upphafi yfirheyrslunnar skýrði ákærði frá því að símstöðin í Grímsey gerði eigi sjálfstætt upp, heldur hefðu afrit ávisanna verið send til símstöðvarinnar á Akureyri. Sökum þess hve afritin hefðu borist óreglulega kvaðst hann hafa komið því til leiðar, að skil frá Grímsey væru gerð vikulega.

Ákærði skýrði frá því að með því að bóka afritin frá Grímsey ekki inn í sjóð hefði hann haft möguleika á að halda eftir greiðslum um ákveðinn tíma. Kvaðst ákærði þannig hafa getað haldið eftir greiðslum í 10-15 daga og upp undir mánuð. Að þeim tíma liðnum kvaðst ákærði hafa gert skil á greiðslunum, en þá haldið eftir nýjum greiðslum er þá höfðu borist símstöðinni á Akureyri.

Aðspurður kvaðst ákærði fyrst hafa haldið eftir greiðslum á þennan hátt fyrir rúmu ári.

Eins og að framan var lýst lagði ákærði fram 38 símapóstávisanir við upphaf þessa máls hinn 11. júní 1986, er hann var kallaður á fund yfirmanna Pósts og síma á Akureyri og endurskoðanda stofnunarinnar, samtals að fjárhæð kr. 951.555,80. Útborgunarstaður allra þessara seðla var á Akureyri. Þá voru og lagðar fram 26 símapóstávisanir er voru til útborgunar utan Akureyrar, samtals að fjárhæð kr. 665.679,60.

Við yfirheyrslur kannaðist ákærði við framangreind afrit og að hafa dregið sér andvirði þeirra samtals að fjárhæð kr. 1.617.235,40.

Að frumkvæði rannsóknaraðila fór fram athugun á póst- og símaávisunum frá símtöðdinni í Grímsey fyrir árin 1982 til 1985. Við yfirheyrslur þann 5. ágúst 1986 voru ákærða kynntar niðurstöður þeirrar athugunar og hann inntur eftir því frá hvaða tíma hann hefði haldið eftir slíkum greiðslum. Kvaðst ákærði hafa byrjað að halda eftir símapóstávisunum utan bókar um það leyti er hann fór í sumarleyfi árið 1985.

Samkvæmt yfirliti Póst- og símamálastofnunar tók ákærði 9 daga orlof þann 31. ágúst 1985. Viðurkenndi ákærði að hafa haldið eftir greiðslum fyrir þann tíma eða allt aftur til mánaðamóta mars/apríl 1985, í fyrstu í fremur litlum mæli miðað við það er síðar varð er á hafi komist einskona kerfi.

Aðspurður greindi ákærði frá því að aldrei hefðu verið gerðar athugasemdir af hálfu endurskoðenda við drátt á uppgjöri símapóstávisana frá Grímsey.

D-gíróseðlar.

Ákærði kvaðst hafa notað D-gíróseðla Póstgíróstofunnar líkt og ávisana-keðju. Þannig hafi hann búið til bankainnlögn, sem raunverulega hafi eigi verið til. Á þann hátt kvaðst ákærða hafa tekist að dekkja sjóðsvöntun frá degi til dags. Til að halda keðjunni gangandi kvaðst ákærði hafa útbúið gíróseðla, stílaða á póststofuna, gefið þá út og framselt. Gíróseðlana kveðst ákærði hafa sent til banka þannig að innlögn í sjóði hans væri rétt. Innborgunarhluta gíróseðlanna kvaðst ákærði hafa haldið einum sólarhring lengur. Á þennan hátt kvaðst hann hafa nýtt sér tímamismun sem er á tölvukeyrslu Reiknistofnunar bankanna og Póstgíróstofunnar. Kvaðst ákærði hafa þurft að leika þennan leik daglega til þess að kerfi hans gengi upp.

Ákærði kvað gíróseðil þann er hann lagði fram á fundinum 11. júní 1986 hafa komið til með þessum hætti.

Ákærði kvaðst hafa útbúið gíróseðlana eftir færsluseðli fyrir dagbók er hann hafði undir höndum. Mismun inn- og útborgana kvaðst ákærði hafa dekkjað með D-gíróseðlum, eins og áður sagði.

Við rannsókn málsins voru lagðir fram 62 gíróseðlar -ávisanahluti- dagsettir frá 28. febrúar til 10. júní 1986. Greiðandi seðlanna var skráður Póstur og sími, Akureyri, en viðtakandi ýmist Pósthúsið eða Póststofan.

Við yfirheyrslur hefur ákærði viðurkennt að hafa ritað og framselt alla seðlana í þeim tilgangi að velta á undan sér sjóðsvöntun með tilbúnum bankainnlögnum.

Ákærði kvaðst hafa byrjað að nota D-gíróseðlana með framangreindum hætti í nóvember 1985. Er það í samræmi við niðurstöður athugana Fjármáladeildar Póst- og símamálastofnunar.

Innborgunarseðlar fyrir orlof.

Við yfirheyrslu hinn 23. júní 1986 viðurkenndi ákærði að hafa haldið orlofsgreiðslum fyrirtækja fyrir utan sjóð og þannig dregið sér fé. Kvaðst ákærði hafa haft þar sama háttinn á og við símapóstávisanirnar frá Grímsey. Þannig kvaðst hann hafa gert skil á eldri greiðslum er nýjar orlofsgreiðslur bárust. Ákærði kvaðst hafa haldið slíkum greiðslum utan sjóðs í 10 - 15 daga og allt að 6 vikum og jafnvel lengur í undantekningatilvikum. Sagði ákærði að yfirleitt hafi verið um að ræða orlofsgreiðslur frá Útgerðarfélagi Akureyringa hf., en einnig kvaðst hann hafa haldið eftir orlofsgreiðslum annarra fyrirtækja og stofnana svo sem Akureyrarbæjar, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og fleiri.

Ákærði skýrði frá því að komið hafi fyrir að aðrir gjaldkerar hafi tekið við orlofsgreiðslum. Kvaðst hann þá hafa tekið við afritum innborgunarseðlanna til lokauppgjörs. Viðurkenndi ákærði að hafa þá í undantekningatilvikum rifið afritin og útbúið ný. Einnig kvaðst ákærði hafa breytt innborgunarseðlum.

Á margnefndum fundi þann 11. júní 1986 lagði ákærði fram afrit 9 innborgunarseðla fyrir orlof. Var eitt afrit frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri að fjárhæð kr. 867.306,00, eitt frá Akureyrarbæ að fjárhæð kr. 340.853,00 og loks sjö frá Útgerðarfélagi Akureyringa hf. að fjárhæð kr. 527.418,00. Samtals að fjárhæð kr. 1.735.577,00.

Er aflað hafði verið frumrita hjá greindum fyrirtækjum og þau borin saman við framlögð afrit, þá mátti sjá hinn raunverulega innborgunardag orlofsins, er var frá 22. maí til 10. júní 1986. Viðurkenndi ákærði að hafa tekið á móti innborgunarseðlunum og dregið sér greiðslurnar og ætlað að greiða seðlana er nýjar orlofsgreiðslur bárust.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa byrjað að halda innborgunarseðlum orlofs utan bókar árið 1985.

Rannsóknarlögreglunni á Akureyri bárust frá Póstgíróstofunni í Reykjavík afrit innborgunarseðla fyrir orlofsgreiðslur frá orlofsárinu 1985 til 1986 fyrir eftirtalin fyrirtæki:

1. Útgerðarfélag Akureyringa hf.
2. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
3. Samherja hf., Akureyri.
4. Súllur hf., Akureyri.
5. Sigurbjörn sf., Grímsey.

Viðeigandi frumrita var aflað frá fyrirtækjunum. Við samanburð afrita og frumrita kom eftirfarandi í ljós:

1. *Útgerðarfélag Akureyringa hf.*

Við samanburð á 192 innborgunarseðlum reyndust dagstimplar 156 afrita

og frumrita ekki í samræmi. Þar af hafði 17 afritum verið breytt með því að strika yfir dagsetningar eða þeim breytt með penna. Loks höfðu ný afrit verið gerð í 3 tilvikum.

Við yfirheyrslur lögreglu inn 27. júní 1986 viðurkenndi ákærði að hafa haldið afritum ofangreindra innborgunarseðla án bókonar og þannig dregið sér fé eins og að framan er lýst. Þá kvaðst hann og hafa útbúið ný afrit og breytt öðrum.

2. - 5. *Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Samherji hf., Sútur hf. og Sigurbjörn sf., Grimsey.*

Við athugun á dagstimplum afrita og frumrita reyndust 19 ekki í samræmi, þar af hafði í einu tilviki verið útbúið nýtt afrit. Er ákærða var kynnt framangreind niðurstaða kannaðist hann við að hafa haldið afritunum eftir án bókonar með sama hætti og að ofan er lýst.

Ákærði kvaðst hafa haldið framangreindum orlofsgreiðslum eftir og kvað hann þær sýna veltu hans á þessum þætti málsins, en fjárdráttur hans hafi numið þeirri fjárhæð er greint var frá í sjóðsýfirliti dagsettu 11. júní 1986, kr. 1.735.577,00.

Verða nú raktir framburðir vitna.

Vitnið Steinunn Helga Sigvaldadóttir, f. 25.02. 1944, hefur skýrt svo frá að það hafi hafið störf á Póststofunni á Akureyri þann 9. apríl 1985. Frá 1. ágúst sama ár kvaðst vitnið hafa unnið við innskriфт giróseðla og orlofs í tölvu. Varðandi giróinnfærslur kvaðst vitnið hafa fært í tölvuna tölvurákina neðst á seðlunum ásamt upphæð þeirra, en eigi greiðanda og viðtakanda. Aðspurt kannaðist vitnið við að hafa séð innborgunarhluta D-giróseðla þar sem Póstur og sími var að greiða Póststofunni peninga. Kvaðst vitnið hafa hugleitt hvers konar greiðslur væru þar á ferð, en talið að þar væri um eðlilegar bókhaldsfærslur að ræða og því einskis spurt. Aðspurt gat vitnið eigi tilgreint hvenær það sá fyrst slíka seðla og ekki hvort slíkir seðlar hefðu borist daglega. Vitnið skýrði frá því að miklar fjárhæðir hafi farið um pósthöfundu og kvað vitnið því upphæðir umræddra seðla ekki hafa vakið sérstaka athygli.

Vitnið kvaðst einnig hafa fært orlofsgreiðslur í tölvu. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli að útborgunardagur á innfærslum orlofs var eigi ætíð í samræmi við greiðslustimpil pósthöfundar. Vitnið kvaðst þá hafa talið að viðkomandi fyrirtæki hefði dregið að koma með innfærsluseðlana til innborgunar frá því að það lét útbúa þá.

Vitnið Guðlaugur Baldursson fulltrúi, f. 15.03. 1937, kvaðst hafa hafið störf á Pósthúsinu á Akureyri í mars 1953 en starfað sem fulltrúi síðan 1980. Vitnið kvaðst í starfi sínu hafa heyrt undir Gísla Eyland stöðvarstjóra og Ársæl Magnússon umdæmisstjóra. Vitnið skýrði frá því að ákærði hefði

verið undirmaður þess. Vitnið kvað ákærða hafa verið aðalgjaldkera póststöðvarinnar. Vitnið kvað starf ákærða m.a. hafa verið fólgið í því að taka við uppgjöri annarra gjaldkera, stemma uppgjörið af og ganga frá því í tösku til innlagningar í banka. Að morgni hvers dags kvaðst vitnið hafa tekið við færsluseðli fyrir sjóðsdagbók úr greindri tösku ásamt þeim fylgiskjölum er ekki hefðu verið send áfram samkvæmt eðli þeirra, svo sem póstávísanir og giróseðlar. Vitnið kvað ákærða hafa útfyllt framangreinda færsluseðla við uppgjör. Kvaðst vitnið hafa farið yfir færsluseðlana og athugað um afstemmingu þeirra. Fyrir dómi kvaðst vitnið ekki hafa haft eftirlit með sjóðum ákærða né talið sig hafa haft þar endurskoðunar-skyldu. Vitnið skýrði frá því að það hefði haft fyrir reglu að bera saman á 10 daga fresti inn- og útborganir giróseðla og póstávísana, miðað við tölvuinnfærslu og undirbækur.

Vitnið skýrði frá því að allar færslur og tölur hafi verið nákvæmar hjá ákærða og ekki kvaðst það hafa orðið vart við neins konar undandrätt af hans hálfu.

Vitnið gat þess að það hefði ekkert haft með D-giróseðla að gera þar sem þeir hefðu farið til tölvuskrárritarans, Steinunnar Helgu.

Vitnið lýsti margnefndum fundi þann 11. júní 1986 á sama hátt og vitnið Gísli Eyland stöðvarstjóri. Þá kannaðist vitnið við undirskrift og niðurstöðutölur sjóðsvöntunar á sjóðsyfirliti, svo og þær leiðréttingar er síðar voru gerðar.

Vitnið Ársæll Magnússon, umdæmisstjóri Pósts og síma, f. 13.10. 1928, kvaðst í starfi sínu hafa stjórnað rekstri Pósts og síma á Akureyri en ekki haft afskipti af daglegu bókhaldi.

Vitnið skýrði frá því, að við fyrri endurskoðanir Póstsöðvarinnar á Akureyri þann 30. ágúst 1985 og 20. mars 1986 hefðu engar athugasemdir verið gerðar við fjárreiður stöðvarinnar. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa veitt ákærða áminningu í starfi, enda hann aldrei staðinn að ólögsmætu athæfi frá því að það hóf störf sem umdæmisstjóri árið 1976.

Aðspurt kvað vitnið ákærða hafa gegnt starfi fulltrúa frá 1. janúar 1981. Vitnið kvað ákærða ekki hafa verið formlega skipaðan aðalgjaldkera Pósts og síma á Akureyri, en að áliti vitnisins hafi svo verið í raun þar sem hann hafi tekið við uppgjöri annarra gjaldkera og annast dagsuppgjör stöðvarinnar.

Vitnið staðfesti að lokum undirskrift sína á sjóðsyfirliti dags. 11.09. 1986.

Með bréfi bæjarfógetans á Akureyri, dags. 22. júlí 1986, var þess krafist að Fjármáladeild Póst- og símamálastofnunar hlutaðist til um eins rækilega endurskoðun á bókhaldi Pósts og síma á Akureyri, þ. á m. á orlofsgreiðslum fyrirtækja á árunum 1981-1986. Í bréfi Fjármáladeildar dags. 28. júlí s.á. segir svo:

„Athugaðir voru innborgunarseðlar fyrirtækja á Akureyri fyrir orlofsfé, greiddir á pósthúsinu á Akureyri á eftirfarandi tímabilum: 2.1. 1981 til 31.3. 1981, 18.8. 1981 til 30.10. 1981, 4.1. 1982 til 30.4. 1982 og 1.9. 1982 til 30.4. 1985. Í upphafi rannsóknar málsins voru frumrit innborgunarseðla fyrir síðastliðið orlofsár afhent embættinu. Rétt er að taka fram að engin gagnaskráning fór fram á Akureyri fyrr en í desember 1983, en áður voru öll gögn send í pósti til Póstgíróstofu, þar sem gagnaskráning fór fram og innborgunarseðill þá um leið stimplaður með dagsstimpli skráningardags. Nokkrir dagar gátu því liðið frá innborgun á pósthúsi þar til gagnaskráning fór fram. Aðeins sá hluti seðla var tekinn út úr sem hugsanlega gætu verið athugaverðir að mati stofnunarinnar. Ekki verður ráðið af þessum seðlum hvort eitthvað athugavert er við þá nema fá frumrit innborgunarseðla hjá viðkomandi fyrirtækjum. Rétt er einnig að benda á að greiðslustimpill pósthússins á Akureyri vantar á stóran hluta afrita Póstgíróstofu, en það er þó ekki einskorðað við Akureyri á þessum tíma.“

Rannsóknarlögreglan á Akureyri hefur aflað viðeigandi frumrita af innborgunarseðlum fyrir orlof frá fyrirtækjum í samræmi við gögn þau, er fylgdu bréfi Fjármáladeildar Póst- og símamálastofnunar.

Við samanburð á ofangreindum gögnum kom fram misræmi á dagstimplum afrita og frumrita í neðangreindum tilvikum.

1. Akureyrarbær.

a) Innborgunarseðill nr. 346636, kr. 188.519,00. Dagsetning greiðslu: 12.12. 1983. Innfærslustimpill Póstgíróstofu: 11.01. 1984.

b) Innborgunarseðill nr. 346640, kr. 160.571,00. Dagsetning greiðslu: 10.01. 1984. Innfærslustimpill Póstgíróstofu: 16.02. 1984.

2. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Við samanburð afrita og frumrita á 6 innborgunarseðlum, 3 1983 og 3 1984, kom fram misræmi á dagsetningum eins og lýst er í 1. lið að framan. Þar af hafði í einu tilviki verið útbúið nýtt afrit.

3. Útgerðarfélag Akureyringa hf.

Við samanburð afrita og frumrita 36 innborgunarseðla orlofs frá árunum 1982 til 1985 kom fram misræmi á dagsetningum eins og lýst er í 1. lið hér að framan. Þar af hafði í fjórum tilvikum verið búið til nýtt afrit.

Misræmi kom fyrst fram á innborgunarseðli nr. 313242 að fjárhæð kr. 263.064,38 frá árinu 1982. Þar var dagsetningarstimpill 23. sept. 1982, en innfærslustimpill hjá Póstgíróstofu þann 7. október 1982.

Er ákærða voru kynnt framangreind gögn kvaðst hann hafa haldið orlofsgreiðslum fyrirtækjanna eftir án bóknar í samræmi við mismun á

dagsetningum stimplanna. Þá viðurkenndi ákærði með vísan til framlagðra gagna að hafa haldið reglulega eftir innborgunarseðlum orlofs frá því í febrúarmánuði 1985.

Við áframhaldandi rannsókn málsins fór fram könnun á eigna- og skuldastöðu ákærða. Voru þá m.a. athugaðir bankareikningar ákærða, þ.m.t. tékkareikningar.

Skattstofan í Norðurlandsumdæmi eystra lét rannsóknaraðilum í té tiltæk skattframtöl ákærða fyrir árin 1980 - 1985.

Samkvæmt skattframtölum reyndust launatekjur ákærða 1982 - 1984 vera eftirfarandi:

1. Launatekjur árið 1982	kr. 220.728,00
2. Launatekjur árið 1983	kr. 323.117,00
3. Launatekjur árið 1984	kr. 403.551,00

Við athugun á tékkareikningi ákærða nr. 113 við Útvegsbanka Íslands reyndust innlögð laun ákærða 1985 - 1986 vera eftirfarandi:

4. Launatekjur árið 1985	kr. 567.244,00
5. Launatekjur 01.01.-31.05. 1986	kr. 256.788,00

Rannsóknaraðilar könnuðu úttektir ákærða á tékkareikningum hans við Útvegsbanka Íslands, nr. 113, og Landsbanka Íslands, nr. 19351, á tímabilinu frá 1981 til 13.06. 1986 með hliðsjón af útborguðum launum hans fyrir sama tíma.

Niðurstöður eru þessar:

1981	Alls úttekið af tékkareikningi	kr. 635.500,84
	Útborguð laun	kr. 118.314,00
1982	Alls úttekið af tékkareikningi	kr. 1.164.940,70
	Útborguð laun	kr. 150.363,00
1983	Alls úttekið af tékkareikningi	kr. 1.216.332,70
	Útborguð laun	kr. 276.101,00
1984	Alls úttekið af tékkareikningum	kr. 2.949.966,50
	Útborguð laun	kr. 275.592,00
1985	Alls úttekið af tékkareikningum	kr. 3.047.758,20
	Útborguð laun	kr. 432.328,00
1986	01.01. 13.06.	
	Úttekið af tékkareikningum	kr. 1.214.505,00
	Útborguð laun	kr. 175.168,00

Samkvæmt framangreindum skattframtölum og framburði ákærða voru helstu eignir hans þessar:

- a) Fasteignin Reynilundur 5, 142 m².
 Bílskúr 45,6 m².
 b) Bifreiðin A-3233, Opel Kadett árg. 1985.
 c) Átta hestar og 2 - 3 folöld.

Skuldir hjá lánastofnunum kvað ákærði hafa verið litlar. Er það í samræmi við fyrirbyggjandi skattframtöl.

Með vísan til framangreindra athugana var Fjármáladeild Póst- og síma-
 málastofnunar, með áður nefndu bréfi dags. 22. júlí 1986, krafín um ítar-
 lega endurskoðun á bókhaldi Póst- og símstöðvarinnar á Akureyri.

Í niðurlagi skýrslu Fjármáladeildar, dags. 28. júlí s.á., segir svo:

„Gert hefur verið nýtt yfirlit yfir sjóðsvöntun Óla G. Jóhannssonar eins
 og hún er nú 28.07. '86.

Sjóðsmismunur Ó.G.J. skv. uppgjóri 11.6. '86	kr.	7.267.629,45
Leiðrétting á innb. póstáv. frá 10.6. '86	kr.	17.631,00
Hluti uppgjors v/seldra símaskráa sem bókað var 13.6. '86.	kr.	1.500,00
Leiðrétt talning skv. yfirl. frá 13.6. '86.	kr.	5.995,30
	kr.	(7.280.765,15)
Sjóður Karolínu Árnadóttur	kr.	19.912,00
Uppgjör frá símaafgreiðslu 13.5. '86.	kr.	924,45
Sjóðir sem fundust 10. júlí í símaafgr.		
1. hæð	kr.	12.790,00
Leiðrétt sjóðsvöntun hjá Óla G. J.	kr.	7.247.138,70

Eins og fram kom í skýrslu Aðalendurskoðunar frá 14.6. '86, var sjóðs-
 vöntun Óla G. Jóhannssonar þá talin vera kr. 7.280.765,15. Síðan hafa
 þrjár leiðréttingar verið gerðar, eins og sést á yfirlitinu hér að framan. Allar
 þessar upphæðir hafa komið Óla til góða og hefði hann raunar átt að benda
 á þær við talningu sjóðsins 11.6. '86. Þessar leiðréttingar hafa verið bók-
 aðar á skilgreinar frá Póst- og símstöðinni á Akureyri, og fylgja ljósrit
 af þeim hér með.

Þar sem svo langt er nú liðið frá því að Óli hætti störfum, teljum við
 að þessi niðurstaða, þ.e. sjóðsvöntun kr. 7.247.138,70, sé endanleg. Fyrir-
 vari er þó gerður um breytingu á sjóðsvöntun ef nýjar upplýsingar leiða
 annað í ljós.“

Fyrir sakadómi Akureyrar hinn 9. apríl 1987 staðfesti Ólafur Karlsson
 aðalendurskoðandi og Gylfi Jónsson, skrifstofustjóri endurskoðunar Póst-
 og símamálastofnunar, skýrslur sínar og niðurstöðutölur sjóðsvöntunar.

Vitnið Ólafur Karlsson greindi frá því, að sjóður sá er ákærði hafði undir
 höndum hefði verið einn stærsti sjóður hjá Póst- og símamálastofnun.

Aðspurt kvað vitnið engar athugasemdir hafa verið gerðar við bókhald Pósts og síma á Akureyri við fyrri endurskoðanir. Vitnið gat þess að D-giróseðlar þeir, sem ákærði notaði, hafi ekki komið til athugunar við endurskoðun bókhaldsins þar sem þeir hefðu einungis verið sendir til banka og Póstgíróstofu.

Er ákærði var inntur eftir ástæðum fyrir fjártöku hans úr sjóði Pósts og síma nefndi hann m.a. rekstur á sýningarsalnum Gallery Háhol. Kvaðst ákærði hafa hafið þann rekstur fyrir allmörgum árum og gengið vel í fyrstu. Er halla fór undan fæti kvaðst ákærði hafa freistast til að leysa fjárhagsvanda sinn um stundarsakir með fjártökum úr sjóði. Kvaðst ákærði hafa greitt lausaskuldir er safnast höfðu upp hjá nokkrum aðilum, en neitaði að tilgreina lánardrottna eða upphæðir skuldanna.

Við yfirheyrslur var ákærði ítrekað beðinn að gera grein fyrir þeim fjármunum er hann hafði viðurkennt að hafa tekið út sjóðum Pósts og síma, jafnframt því sem hann var krafinn skýringa á veltu hans á tékkareikningum langt umfram launagreiðslur.

Ákærði kvaðst hafa slegið um sig og lifað hátt á þessu tímabili. Ennfremur kvaðst hann hafa gert verulegar endurbætur á fasteigninni Reynilundi 5. Þá kvaðst ákærði hafa notað rúmlega 50.000,00 úr sjóði Pósts og síma er hann keypti bifreiðina A-3233. Loks vísaði ákærði til þess að við síðari yfirheyrslur hafi hann viðurkennt að fjárdráttur hans hefði staðið í mun lengri tíma en í upphafi rannsóknar var talið eða allt til ársins 1982.

Er ákærði var inntur eftir aðferð þeirri er hann viðhafði við fjártökur úr sjóði, skýrði hann frá því að oft hefði hann greitt skuldir til aðila er hann var við vinnu sína. Kvaðst hann þá hafa ritað ávisanir og skipt þeim í pósthúsinu.

Einnig kvaðst ákærði hafa farið með peninga úr sjóði í vasanum. „Það var aldrei mikið í einu, en margt smátt gerir eitt stórt.“

Loks kvaðst ákærði aðspurður eigi neita því að peningar úr „þessari myllu“ hefðu verið lagðir inn á reikning nr. 113 í Útvegsbanka Íslands, Akureyri.

Fyrir dómi hinn 9. apríl 1987 voru ákærða rækilega kynntar skýrslur endurskoðenda Póst- og símamálastofnunar ásamt fylgiskjölum og undir hann bornar leiðréttingar lið fyrir lið er gerðar höfðu verið við meðferð málsins. Ákærði hafði engar athugasemdir fram að færa og véfengdi eigi útreikninga endurskoðenda. Viðurkenndi ákærði að hafa dregið sér kr. 7.247.138,70 úr sjóði Pósts og síma á Akureyri.

Niðurstöður:

Með afdráttarlausri játningu ákærða og að virtum öðrum gögnum málsins, en ákærði hefir eigi véfengt að sjóðsvöntun nemi krónum 7.247.138,70

svo sem í ákæru getur, verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um fjárdrátt. Varðar brot hans við 1. mgr. sbr. 2. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 svo sem í ákæru greinir, en ákærði var opinber starfsmaður er hann framdi brot sitt.

Sakarferill ákærða hefur ekki áhrif á brot það sem hér um ræðir, en við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til þess að fjárdráttur ákærða var stórfelldur. Jafnframt ber að ákvarða refsingu með hliðsjón af því, að eftir að rannsókn máls þessa hófst endurgreiddi ákærði Póst- og símamálastofnun verulegan hluta þess fjár, sem hann hafði dregið sér. Eigi hefur verið krafist bóta af hálfu Póst- og símamálastofnunar.

Við ákvörðun refsingar ber loks að lita til þess að ákærði missti stöðu sína.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 16 mánuðir.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 35.000,00 og málsvarnaralaun skipaðs verjanda, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000,00.

Dómsuppkvaðning í máli þessu hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómars.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Óli G. Jóhannsson, sæti fangelsi í 16 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 35.000,00, og málsvarnaralaun Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.